

Geðhjálp vill kaupa Hafnarbúðir

RÍKISKAUP auglýsa eftir kaups-tilboði í Hafnarbúðir við Reykjavík-urhöfn í Morgunblaðinu á sunnudaginn og eiga tilboð að hafa borist fyrir kl. 11 hinn 12. nóvember nk.

Hafnarbúðir voru byggðar sem sjómanna- og verkamannaskýli árið 1962 með aðstöðu fyrir verkamenn við höfnina í kaffi- og matartíma. Ríkið keypti húsið árið 1972 og rak Landakotsspítali langlegudeild í húsinu en í júlí sl. tók ríkissjóður við húsinu. Húsið er þrjár hæðir og kjallari, samtals 1.344 fermetrar að stærð, og er fasteignamat rúmar 40 milljónir en brunabótamat er rúmar 187 milljónir.

„Mér skilst að Geðhjálp ætli að

kaupa húsið en það er samt skylda að auglýsa það,“ sagði Vigfús Halldórsson hjá Fasteignum ríkissjóðs. „Þeir verða þá að bjóða í eignina eins og aðrir. Höfnin á forkaupsrétt að húsinu en borgin hefur afsalað sér sínum rétti.“

Geðhjálp er með aðstöðu á annarri hæð fyrir skrifstofu og félagsmiðstöð og sagði Ingólfur Ingólfsson framkvæmdastjóri samtakanna að þau væru ákveðin í að kaupa húsið. „Ég held að þarna hafi orðið smá mistök. Það er verið að kanna möguleika okkar á að kaupa húsið,“ sagði hann. „Á meðan svo er, þá er að okkar mati óeðlilegt að senda þetta út en það verður sennilega að bjóða húsið út.“